

## Bæjarstjórnarfundur | Ræða

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir gestir.

Ég heiti Hanna Bergrós Gunnarsdóttir og ég er fulltrúi Arnardals í Ungmennaráði Akraness.

Ég ætla að tala um fræðslu ungmenna og barna, hversu mikilvæg fræðsla er fyrir ungmenni og hvernig fræðslu við þurfum á að halda.

Vegna Covid gátum við ekki haldið málþing eins og vanalega, en send var könnun sem að ungmenni á aldrinum 12 – 25 ára gátu tekið þátt í, um málefni sem hefðu komið fyrir á málþingin. Könnunin var send á grunnskólana, fjölbrautarskólann, ungmennahús og svo var fréttatilkynning á vefsíðu Akraneskaupstaðar.

Í könnuninni var til dæmis spurt hvað Akranes mætti laga í málefnum tengdum börnum og ungmennum á Akranesi. Mörg svör úr könnuninni voru tengd fræðslu um ýmsa hluti. Til dæmis skort á kynfræðslu bæði í grunnskólum og framhaldsskóla. Skortur á kynfræðslu hefur verið stórt umræðuefni síðustu ár, og það sýnir okkur hversu mikilvægt það er fyrir börn og ungmenni að fá aukna kynfræðslu. Reykjavíkurborg er með frábært verkefni sem félagsmiðstöðin Arnardalur í samstarfi við grunnskólana ætlar að taka þátt í sem heitir vika SEX. Vika SEX fer fram í annarri viku febrúar á næsta ári og er heil vika tileinkuð kynfræðslu fyrir unglíngadeild. Við hvetjum Akraneskaupstað innilega að styðja við þetta verkefni. Fávitar, Sjúkást, Sigga Dögg og fleiri, eru með frábærar fræðslur tengdar kynfræðslu, sem væri gott fyrir skólana að tileinka sér og jafnvel kaupa fyrirlestra.

Það er líka ótrúlega mikilvægt að fræða börn og ungmenni meira um hinseginleikann vegna margra ástæðna. Sem dæmi má nefna að börn og unglíngar eru að nota orð eins og hommi og lessa í niðrandi merkingu. Einnig eru dæmi um að krakkar geri grín af hinseginleikanum og þá af einstaklingum sem upplifa sig í öðru kyni, vegna þess að það er hreinlega ekki nóg fræðsla í skólum. Eina kennslan um hinseginleikann og hinsegin fólk er aðeins að finna í náttúrufræðibókum og eru þær upplýsingar úreltar. Til dæmis að það séu einungis þrjár kynhneigðir, gagnkynhneigð, samkynhneigð og tvíkynhneigð. Það gefur auga leið að það vantar fræðslu um þessi mál og með henni gæti fólk lært að bera meiri virðingu fyrir hinseginleikanum.

Ungt fólk á Akranesi vill fræðslu um andlega heilsu. Kvíða, þunglyndi, átröskun, sjálfsvíg og svo framvegis. Margir hafa fundið fyrir auknum kvíða vegna Covid ástandsins en vita ekki hvert þeir eiga að leita eða við hvern þau geta talað.

Nikótín notkun ungmenna er stórt vandamál núna, sérstaklega eftir að nikótín púðarnir urðu vinsælir. Nikótín púðar eru ekki búnir að vera til í nógu langan tíma, þannig ekki er vitað hvort þeir eru í raun og veru hættulegri en þeir sýnast. Ungmenni virðast ekki vita hve skaðlegt nikótín er fyrir líkamann vegna þess að talan á ungmennum sem nota nikótín fer enn síhækkandi. Nikótín, áfengi og fíkniefni er líka mjög aðgengileg fyrir ungmenni nú til dags og þess vegna er mikilvægt að fá fræðslu um áhrif nikótíns, áfengis og fíkniefna. Bæði í grunnskóla og framhaldsskóla.

Takk fyrir mig.